

# HÓFADYNNUR Í DÖLUM




Hestamannafélagið GLAÐUR Dalasýslu  
60 ára  
1928 – 1988



# HÓFADYNNUR Í DÖLUM

EINAR KRISTJÁNSSON TÓK SAMAN



Hestamannafélagið GLAÐUR Dalasýslu  
60 ára  
1928 – 1988



## FORMÁLI

Á aðalfundi Glæðs 1987 var samþykkt tillaga þess efnis að rita skyldi og gefa út sögu félagsins á 60 ára afmæli þess. Það er enda vel við hæfi á tímamótum sem þessum að minnast þess með slíkum hætti. Til þessa verks var ráðinn Einar Kristjánsson fv. skólastjóri og er það, sem hér birtist afrakstur mikillar vinnu af hans hálfu því að á 60 árum er farið að fyrnast yfir margt sem lýtur að sögunni og fella þarf saman mörg minningarbrott til þess að úr verði heilstætt verk. Á Einar miklar þakkir skildar. Það er von mín að það sem hér birtist verði talið þess virði að það sé varðveitt en falli ekki í gleyskunnar dá.

60 ár er langur tími í sögu hvers félags og er öllum hollt að fá örlitla innsýn í þær aðstæður, sem frumkvöðlar félagsins bjuggu við. Á þeim árum sem liðin eru frá því Glæður var stofnaður, hefur þjóðin gengið í gegnum gífurlegar breytingar og hlutverk hestsins hefur gjörbreyst. Áður var hesturinn manninum nauðsynlegur vegna vinnu og samgangna en er nú aðallega hafður til skemmtunar og lífsfyllingar þeim er tekið hafa hestabakteríuna.

Í þessari samantekt er reynt að varpa ljósi á það hvers vegna menn stofnuðu hestamannafélag og má því segja, að hér sé einnig rituð saga hestamennsku í Dölum á þessari öld. Hestamannafélagið Glæður er annað elsta hestamannafélagið á landinu og hefur allt frá fyrstu tíð verið virkt í hestamennskunni og í félagsmálum hestamanna. Það er von mín að þeir sem áhrif hafa á sögu félagsins á komandi árum haldi áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið og vinni stöðugt að þeim markmiðum, sem félagið setti sér í upphafi.

Ritað í september 1988

Kristján Gíslason formaður.

## EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i> .....	3
I.	
Af sögunnar spjöldum .....	5
<i>Inngangur</i> .....	5
Land og leiðir .....	8
II.	
Hófadynur í Dölum .....	14
„ <i>Allra hesta bestur.</i> “ .....	14
Hestur franska prinsins .....	14
Folaldahópur Ásmundar prests .....	14
„Hnakkberinn minn, sem að unni ég mest.“ .....	17
Álfatraða-Bleikur .....	19
Harrastaða-Skjóni .....	19
Hestar og hestamenn í Suðurdölum .....	22
Setið hjá Sauðafellsbræðrum og Óskari Bjartmarz .....	26
Ættmóðirin í Kirkjuskógi .....	33
Litföróttu hrossin á Þorbergsstöðum .....	36
Kappreiðar á fyrri árum .....	38
III.	
Stofnun Glæðs .....	40
<i>Hestaþingin</i> .....	43
Stjórn og starfshættir .....	52
Jarðakaup og aðrar framkvæmdir Glæðs .....	58
Tamningastöðvar .....	61
IV.	
Ungir og aldnir segja frá .....	66
<i>Par hefur hestamennskan legið í blóðinu</i> .....	66
„Hýrgaður ég hesti renndi . . .“ .....	70
Unglingastarfið .....	74
Viðtal við Friðriku A. Sigvaldadóttur .....	76
Viðtal við Íris Hrund Grettisdóttur .....	78
Skrá um verðlaunagripi .....	81

# I. AF SÖGUNNAR SPJÖLDUM

## INNGANGUR

Saga hestsins er samofin lífi þjóðarinnar gegnum allar aldir. Í flestum Íslendingasögum koma hross við atburði. Líf fólksins í gleði og sorg var að hálfu á hestbaki. Íslenska þjóðveldið með Þingvelli að þingstað stóð á fótum hestsins.

Oft var í túni  
teiti meiri,  
þás minn Sigurðr  
söðlaði Grana

Svo var Guðrún Gjúkadóttir látin segja forðum. Sagan af Sigurði Fáfnisbana og Grana hesti hans er ein rismesta harmsaga í Eddukvæðum en hesturinn Grani frægastur allra norrænna hesta að fornu og nýju. Þannig kom til landsins með hinum fyrstu hestum hlutdeild þeirra í ódauðlegum arfi norrænna manna.

Samband manns og hests, eins og það birtist höfundi Sigurðarkviðu Fáfnisbana er elsta heimild um þau efni. Enginn veit nafn höfundar né listaverksins, en þótt það sé ofið ævintýrklæðum er kjarni þess jafn ferskur og sannur enn í dag.

Og enn kvað Guðrún Gjúkadóttir:

Gekk ek grátandi  
við Grana ræða,  
úrughlýra  
jó frák spjalla.  
Hnipnaði Grani,  
drap í gras höfði  
jór þat vissi  
eigendur né lifðut.

Segja má að aftan úr grárrí forneskju berist okkur þarna vitneskjan um það nána, tilfinningalega samband, er frá örófi alda hefur verið milli manns og hests. Stendur svo enn í dag. – Oft er í vísum og ljóðum slegið á strengi gleðimála í fylgd göfugra hrossa. En við eigum líka gamalt viðlag, sem sungið var á hestbaki á öld Sturlunga.

Þórður Andrésson kvað forðum:

„Mínar eru sorgirnar þungar sem blý“

og þá reið hann syngjandi á hesti sínum á vit dauðans.

Á öllum öldum hafa hestarnir verið hluti af lífi og lit náttúrunnar í landinu, rétt eins og blómjurtir og birki, eða fugl í lofti. En á hinn veginn hafa þeir verið ofurseldir hungri og harðrétti, rétt eins og fólkið. Margur veturinn, eða vetrar-kaflinn myndaði orðið *hestabani*. Í rúmar ellefu aldir hefur hesturinn deilt kjörum með fólkinu í landinu, verið „þarfasti þjónn“ þess og gleðigjafi. Án hans er erfitt að hugsa sér búsetu í landinu á liðnum öldum.

---

Víða í fornsögum er getið hrossa. Fyrstu aldir byggðar hafa verið hér tiltölulega fá hross. Meginhluti stofnsins hefur vafalaust flust hingað með landnámsfólki frá Noregi en þó sjálfsagt eitthvað frá Skotlandi og Írlandi. Gera má ráð fyrir fáum hrossum með fyrstu skipum en vafalaust völdum kostagripum.



Íslenski hrossastofninn hlaut að einangrast. Engin vitneskja liggur fyrir um blöndun stofnsins erlendis frá eftir landnám. Hann hefur aðlagast landinu, kostum þess og göllum. Fáar heimildir liggja fyrir um kynbætur hrossa á fyrri öldum, utan þess náttúruúrvals, sem hlýtur að hafa orðið kynslóð eftir kynslóð, að það harðgerðasta lifði en hinn hlutinn féll. Að hinu leyti má hugsa sér, eftir því sem sögur greina frá, að frásagnir um stóðhrossagjafir og vígahesta bendi til kynbóta.

Í Laxdælu (Fornritafélagsgútg. 1934) segir ágæta vel frá gjöf stóðhrossa. Bolli Þorleiksson vildi gefa Kjartani Ólafssyni valin stóðhross þegar þeir Hjarðhyltingar sátu haustboð Ósvífurs að Laugum.

„Bolli átti stóðhross þau, er best voru kölluð, hestrinn var mikill ok vænn ok hafði aldregi brugðisk at vígi, hann var hvítr að lit og rauð eyrun ok toppinn. Þar fylgdu þrjú merhryssi með sama lit sem hestrinn. Þessi hross vildi Bolli gefa Kjartani en Kjartan kvask engi vera hrossamaðr ok vildi eigi þiggja.“

Snemma á 12. öld gaf Þorgils Oddason á Staðarhóli í Saurbæ Hafliða Mássyni á Breiðabólstað stóðhross til sáttrausts. – Hestavíg voru algengt skemmtiatriði á héraðssamkomum fyrri tíma og stundum var sérstaklega til þeirra stofnað. Vígahesta varð að ala vel til að þeir yrðu orkumiklir. Þeir þurftu að hafa mýkt og lipurð en vera þó harðgerðir og skapmiklir. Stóðhross þóttu hinar bestu vingjafir meðal höfðingja. Stóðhestarnir voru látnir ganga á einangruðum afréttardölum, oft með 2 – 4 hryssum. Oft voru hrossin í sama lit og búin svipuðum eiginleikum, þeim, er mestu þótti varða á þeirri tíð.

Fjöldi hrossa um 1703 var tæp 27 þúsund. Í byrjun Móðuharðindanna 1783 var talan komin upp í 36 þúsund, en hrapaði niður fyrir 9 þúsund 1784, enda segir frá því að sums staðar varð ekki komið líkum til greftrunar sökum hrossafæðar.

Um almenna notkun hrossa þarf ekki að fjölyrða hér.

Hesturinn bar fólk og flutning um landið þvert og endilangt, hann dró sleða á ísum, vögur og viðardrögur um fjöll og heiðar og að síðustu bar hann hvern og einn til þeirra hinna hvílustaðar.

Fáir hafa flutt hlýlegri og sannari kveðju til íslenska púlshestsins en Kristján Samsonarson frá Bugðustöðum þegar hann sagði:

Af þér gagnið greiðist flest,  
gang þótt bragnar lái,  
þú hefur vagni vanist mest  
vinur sagnafái.

Margir geta líka tekið undir með Guðmundi Inga Kristjánssyni á Kirkjubóli og sagt:

Forlög þjóðar, fáks og manns,  
fótspor saman undu, –  
Íslending og hestinn hans  
heillastrengjum bundu.

En þrátt fyrir allt hið sýnilega framlag hestsins í lífsafkomu fólksins í þessu landi, þá skyldi aldrei gleymt vináttu hests og manns – hinu tilfinningalega sambandi. Ótaldar eru þær stundir unaðar og gleði, sem í slíku samfélagi hafa lyft lífi margra í æðra veldi, hátt yfir hverdagslegt strit í harðbýlu landi. Sá þátturinn er ráðandi nú til dags í allri hestamennsku og hann þarf að rækta, ekki síður en gangsnilli og leikjaprautir. Samskipti við hesta er hollt veganesti ungu fólki, uppeldisþáttur, sem ekki verður sóttur inn fyrir skóla-veggi.

## LAND OG LEIÐIR

Stundum hefur verið haft á orði að Dalasýsla hafi verið með einangruðustu héruðum landsins. Má vera að svo hafi verið á köflum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að fleiri leiðir lágu



Sigurdör Jónsson í Lækjarskógi situr á rauðbleikri hryssu, sem var formóðir skeiðhestsins *Vals*, sem tók 1. verðlaun á skeiði á Þingvöllum 1930. Valur var frá Saurum í Laxárdal. Ljós. Jón Guðmundsson, Ljárskógum.

áður inn og út úr sýslunni, en nú er. Það var meðan hesturinn var eina samgöngutækið á landi. Verða nú nefndar helstu leiðir er áður voru farnar á hestum.

Landleiðin til Stykkishólms ef komið var úr Laxárdal, eða þar fyrir vestan, lá um Lækjarskógsfjörur, Vestliðaeyri og út Skógarströnd, ef farin var norðurleiðin út Snæfellsnes. Óvíða í Dölum var hægt að taka lengri skeiðspretti en eftir Vestliðaeyri. – Í ferðabók Ebenezer Henderson frá því um 1814 – 1815, segir á þessa leið þegar lýst er leiðinni inn í Dali:

„. . . Eftir að við komum niður að Hvammsfirði, batnaði vegurinn stórlega, en hann hafði verið mjög grýttur. Þó varð hann enn þá betri eftir að við vorum komnir framhá steini þeim, er sýnir mörkin milli Dalasýslu og Snæfellsnessýslu. Skammt upp frá sjónum sýndi fylgdarmaður minn mér hvar verið höfðu Írabúdir, en þar höfðu áður fyrr haft aðsetur kaupmenn þeir, er komu frá Norður-Írlandi.“ Hér á Henderson við Vestliðaeyri.

Ef farið var til skreiðarkaupa út undir Jökul, var jafnaðarlega farinn svonefndur Fossavegur uppfrá bænum Dunki í Hörðudal og þá komið niður í Hnappadal og síðan lá leiðin út Nesið sunnanvert. Einnig fóru sumir utar yfir fjallgarðinn í slíkum ferðum – yfir svonefnda Rauðamelsheiði og er þá komið niður í utanverðan Hnappadal.

Stundum var farið yfir svonefndan Svínbjúg. Er þá farið fram Selárdal, meðfram ánni Skraumu. Inn úr Selárdal liggur leiðin eftir Burstardal og upp úr honum og yfir Bjúginn. Er hann grýttur hæðarhryggur og deilir vötnum milli Dala og Mýra. Af hrygg þessum er komið niður að Hítarvatni og Hítardal.

Nokkru austar liggur alkunn leið um Sópandaskarð. Var sú leið fjölfarin fram yfir Sturlungaöld og engu síður en Brattabrekka. Leið þessi liggur um Hörðudal og inn Laugardal til suðvesturs. Hár fjallhryggur er milli dalanna, Laugardals að norðan en Langavatnsdals að sunnan og ber nafnið Sópandaskarð. Þegar komið er niður í Langavatnsdal liggur leiðin áfram niður í Borgarhrepp á Mýrum.



Arni Jónsson, bóndi á Laugum í Hvammssveit, f. 1834, d. 1909. Hann var laginn tamningamaður og tamdi þennan gráa hest, sem Þuríður Bæringsdóttir frá Laugum átti. Ljósmyndari óþekktur, en myndin er frá aldamótum.

Þekktasta leiðin milli Borgarfjarðarbyggða og Dala var að sjálfsgöðu um Bröttubrekku eins og víða er getið í sögum og við þekkjum í dag. En áður fyrr lá reiðvegurinn allmiklu austar en nú er. Hin eiginlega Brattabrekka er fjallhryggur milli dalanna Suðurárdals að vestan en efsta hluta Bjarnadals að austan.

Það er sú eiginlega Brattabrekka, sem vegurinn nú dregur nafn sitt af.

Milli Reykjadals í Miðdölum og Sanddals inn af Norðurárdal hefur oft verið farið á hestum, enda stutt milli daladraga. Var löngum farin þessi leið með fjárrekstra að hausti og þess utan hefur hún verið farin fram á þennan dag.

Milli Dala og Hrutafjarðar lá fjölfarin vegur um Haukadalsskarð. Enginn vafi liggur á um það, að þá leið hafa Norðlendingar farið, ef þeir ætluðu út á Snæfellsnes eða í Suðurdali. Getið er ferða skólapilta og vermannna, er stundum fóru fremur Haukadalsskarð en Holtavörðuheiði, enda hvergi styttri leið milli bæja en þar. Farandfólk valdi þessa leið ef það sótti út á Snæfellsnes. Lifa enn þá sögur og frásagnir af ferðahópum þessum.

Laxárdalsheiði milli Hrutafjarðar og Laxárdals hefur verið fjölfarin frá upphafi byggðar. Segir í Laxdælu frá flutningum Þorkels Eyjólfssonar er hann hugðist byggja Helgafellskirkju. Viðurinn hafði verið settur á land norður í Hrutafirði sumarið áður en Þorkell hugðist hefja kirkjasmíðina á Helgafelli. Segir í sögunni að hann hafi starfað að flutningum frá því eftir jól og allt fram á langaföstu. Hafði verið safnað hestum í nágrenni við Ljárskóga og viður síðan fluttur á 20 hestum að norðan og suður á Ljáeyri fyrir landi Ljárskóga. Beið þar ferja mikil er átti Þorsteinn bóndi í Ljárskógum, frændi Þorkels. Það var svo á leiðinni út til Helgafells að Þorkell drukknaði og þeir 10 saman á ferjunni, en sagt er að þessi atburður hafi orðið árið 1026.

Sölvamannagötur lágu upp úr Hrutafirði og þvert yfir fjall allt til Svínadal. Mjög er nú á huldu hvar þær hafa legið á fjallinu, enda skerast þarna ýmsar gamlar götur, svo sem á Hólmatvatnsheiði, sem var farin upp úr Bakkadal og á niðurbæi í Laxárdal, Hálsagötur, milli Hvammssveitar og frambæja í Laxárdal og loks leiðin yfir Gaffellsheiði, upp úr Bitru til Hvammssveitar og Laxárdals. Áður en mæðiveiki fór að herja á sauðfé og varnargirðingar slitu ýmsar fornar reiðleiðir, fóru réttarmenn, t.d. úr Hvammssveit alltaf um Gaffellsheiði til Snartatunguréttar í Bitru. Frásagnir eru líka um ferðir manna með viðardrögur yfir heiðina á fyrri tíð.

Upp úr Gilsfirði lágu þrjár kunnar leiðir norður um. Var það annars vegar Snartatunguheiði yfir í Bitru og Krossárdalur, er einnig liggur í utanverða Bitru. Eru þarna enn í dag glöggar reiðgötur, sem að sunnanverðu liggja upp frá túninu

á Kleifum. Hins vegar var þriðja leiðin úr Gilsfirði yfir Steinadalsheiði og norður í Kollafjörð. Er sú leið bílfær yfir hásumarið, enda kunn sérleyfisferð um skeið.

Meðan verslun stóð í Skarðsstöð (1883 – 1911) var farin fjallleiðin úr ofanverðri Hvammssveit, upp úr Sælingsdal eða Skeggjadal og komið niður í Búðardal eða Hvarfsdal á Skarðsströnd.

Á söguöld var ekki síður farin Sælingsdalsheiði en Svínadalur milli Saurbæjar og Hvammssveitar. Það votta m.a. nokkrar frásagnir í Sturlungu o.v.

## II. HÓFADYNNUR Í DÖLUM

Ýmsar heimildir, prentaðar og munnlegar greina frá hestamönnum og gæðingum þeirra löngu fyrir stofnun Glaðs.

Fyrir löngu síðan var farið að sækjast eftir hrossum af Dalaættum, sérstaklega úr Suðurdölum, enda löngum verið talið að þar hafi verið hestakyn gott. – Kostaríkir hagar láglandisins þar, ásamt löngum og góðum skeiðvöllum meðfram ám og við ströndina (t.d. Vestliðaeyri og víðar) hafa alið upp gæðinga, kynslóð eftir kynslóð. Náttúrlegar aðstæður voru þar góðar og eru enn í dag. – Stöðug notkun í löngum ferðum eflði þrek hesta meira og betur en verið hefur hin síðari ár. Í höndum bestu hestamannanna, þar sem saman fór hæfileg áreynsla, ásamt góðri hjúkrun, sköpuðust einstakir gæðingar áður fyrr.

### „ALLRA HESTA BESTUR“

Daði Guðmundsson (d. 1563) bóndi og sýslumaður í Snóksdal var einn af kunnustu Íslendingum 16. aldar. Öllum eru kunn skipti hans við þá Hólafedga og þá einkum handtaka þeirra á Sauðafelli haustið 1550.

Samtímaheimildir telja að Daði í Snóksdal hafi átt afburðahest, brúnan að lit. Var hann stundum nefndur Markúsar-Brúnn, án skýringa þó. Þessi brúni hestur er í sögum nefndur



með ýmsum hætti, s.s. „gæðingur orðlagður“, „lífhestur Daða“ eða „allra hesta bestur“. Allar þessar nafngiftir eru raunar með eindæmum, verður þó ekki talið að heimildir séu af lakara taginu, þ.e. Biskupasögur, Sýslumannaævir og víðar er að finna eitthvað um þennan hest. Fullvíst má telja að ekki hafi farið meira orð af neinum hesti í Breiðafjarðardölum að fornu og nýju. Tvær frásagnir segja einkum frá afrekum þessa hests. Í fyrri frásögninni segir frá því þegar fylgjendur þeirra Hólafeðga hugðust fanga Daða, er hann einn síns liðs kom utan frá Rifi og ætlaði eins og leið lá heim í Snóksdal. Norðanmenn höfðu búist um við svokallað „Fyrirsát“ en svo heitir enn klettaklif á gamla Skógarstrandarveginum innanverðum. Þar höfðu þeir strengt kaðla eða reipi yfir reiðgötuna, sem lá í þrengslum milli kletta. Er skemmst af að segja, að sá brúni sleit kaðlana á ofsiferð en Daði hafði með kórða sínum skorið efsta strenginn. Munu fyrirsátsmenn hafa talið Daða sér vísan, þar sem hann hafði riðið einhesta utan frá Rifi en þeir með hvílda hesta. Segir sagan að þeir hafi reynt eftirför en ekki haft erindi sem erfiði. Daði komst heim í Snóksdal og hóf að safna liði og gera virki um bæinn.

Seinni hluti sögunnar um Brún er á þá leið, að þá er skammt var liðið frá heimkomu Daða frá Rifi sendi hann ungan svein sinn, er Jón hét og nefndur Refur, til að njósna um Hólafeðga, en þeir sátu á Staðastað og höfðu uppi fyrirætlan um að taka Daða í heimleiðinni. Fékk Daði sveini sínum þann brúna, því nú þurfti mikils við. Tókst Jóni ferðin sem best mátti verða, að öðru leyti en því, að litlu mátti muna, þegar Jón á flóttanum frá Staðastað reið ós Staðarár á bullandi sund og lét Brún rífa sig upp af sundinu upp á snarbrattan bakka. Skildi þar með honum og norðanmönnum, þar sem þeim leist ekki áin árennileg en Jón á mikilli ferð stefndi til kunnugrar leiðar vestur yfir fjöllin. – Hafði þá „lífhestur Daða“ með stuttu millibili borgið lífi hans og átt sinn hlut í miklum þáttaskilum íslenskrar sögu. (Tímaritið Satt, 18. árg. 1970, Sig. Ólason).

## HESTUR FRANSKA PRINSINS

Sumarið 1858 kom hingað til lands Napóleon Frakkaprins á franska gufuskipinu Reine Hortenze. Tekið var með viðhöfn á móti prinsinum og farið með hann m.a. austur til Geysis. Þurfti á annað hundrað hesta í þá ferð. Fyrir prinsinn var þá valinn besti hesturinn á Suðurlandi, svonefndur Lambastaða-Stjarni. Stjarni var reiðhestur húsfreyjunnar á Lambastöðum í Garði, Sigríðar Porvaldsdóttur, konu Ásgeirs Finnbogasonar frá Lundum í Borgarfirði. Þegar Kristín dóttir þeirra fluttist með manni sínum Lárusi Blöndal sýslumanni vestur í Dali árið 1867, varð Stjarni reiðhestur hennar þau 10 ár, er þau dvöldu á Staðarfelli og í Innri-Fagradal. – Bein Stjarna eru því geymd í Dalamold. Engin lýsing er til, er lýsi kostum þessa hests en gera má ráð fyrir að þeir hafi verið miklir og fjölbreyttir, enda mun hinn tigni gestur hafa boðið fyrir hann offjár, en hesturinn var ekki falur með neinum hætti.

Eyjólfur bóndi í Sveinatungu í Norðurárdal kvað svo um Stjarna:

Fróns um traðir tygjaðan  
tíðan vaða lætur,  
listahraðan, léttfættan,  
Lambastaðahúsfreyjan.

## FOLALDAHÓPUR ÁSMUNDAR PRESTS

Árið 1815 vígðist nýr aðstoðarprestur til Saurbæjarþinga í Döllum. Hann hét Ásmundur Gunnlaugsson (f. 1789, d. 1860), skagfirskrar ættar. Hann sat á Staðarhóli í 4 ár, en þá lét sr. Eggert Jónsson á Ballará bera hann út. Höfðu málaferli gengið milli þeirra um hríð.

Í Ísl. æviskrám (P.E.Ó.) er sr. Ásmundi lýst á þessa leið: . . . „Þótti áleitinn og brögdóttur, hins vegar var hann talinn fjölgáfaður til munns og handa, skrifari góður, hestamaður, vel hagamæltur og orðheppinn.“

Munnmæli segja frá viðskiptum sr. Ásmundar við sveitunga sína í Saurbænum og sr. Eggert á Ballará, t.d. eitt sinn hafði hann sundriðið langleiðina yfir Gilsfjörð, en taldi sig þá hafa verið hætt kominn. Það þykir fullvíst að hann hafi verið mikill hestamaður og átt afburðahesta.

Telja verður með eindæmum það tiltæki sr. Ásmundar þegar hann flutti úr Dölum, að mælt er að hann hafi farið með 15, en sumir segja 18 folöld. Hefur trúlega ekki í annan tíma farið í einu meira úrval hrossaefna úr sýslunni, því gera má ráð fyrir að vel hafi verið valinn ættstofninn að folöldum þessum. – Ekkert er nú vitað hvert folöldin fóru að lokum, eru þó taldar mestar líkur á því að þau hafi flest lent í Skagafirði og víðar norðanlands, enda dvaldi sr. Ásmundur þar allan seinni hluta ævinnar.

„HNAKKBERINN MINN, SEM AÐ UNNI ÉG MEST.“

Jón Ásg. Þingeyrum

Hjálmtýr Magnússon (f. 1830, d. 1884) bóndi á Svínhóli í Miðdölum seldi á sínum tíma einn allra mesta gæðing, sem seldur hefur verið úr Dölum. Það varð fyrsti gæðingurinn, sem hestamaðurinn landskunni, Jón Ásgeirsson á Þingeyrum eignaðist. Það skeði árið 1853. Þá átti Jón heima á Kollafjarðarnesi hjá foreldrum sínum. Veturinn áður hafði Jón verið á Kvinnabrekku. Sr. Guðmundur Einarsson, er þá sat Kvinnabrekku, hafði Jón í skóla og til fermingarundirbúnings. Hjálmtýr bóndi á Svínhóli kom oft að Kvinnabrekku þennan vetur og jafnan vel ríðandi, enda kunnur hestamaður á sinni tíð. Oft kom hann ríðandi á brúnum, 6 vetra gömlum fola.

Sonur Jóns á Þingeyrum, Ásgeir í Gottorp segir svo frá: „Föður mínum var starsýnt á folann, sem var fríður sýnum, grannvaxinn og hlaupalegur og ekki vakti það síður athygli hans hversu léttilega og af miklu fjöri og fimleik þessi grannvaxni hestur bar svo þungan mann.“

Jón Ásgeirsson varð yfir sig hrifinn af þessum hesti og átti þá ósk heitasta að eignast hann. Guðlaug móðir hans varð þess áskynja hvern hug sonur hennar bar til þessa gæðingsefnis og bjargaði málum. Bréf frá henni barst suður að Svínhóli fyrir vorið. Segir svo frá að á lestum hafi svo Hjálmtýr komið norður með folann og gengu svo kaupin fram með hjálp Guðlaugar. – Jón gat ekki beðið föður sinn um peninga fyrir hesti, en til kaupa á nýjum bát hefði stórbóndinn Ásgeir Einarsson lánað syni sínum fjármuni af fúsum vilja.

Pegar Jón hafði átt Blakk – en svo hét hesturinn, í 4 ár, bar svo til að Ásgeir faðir hans þurfti að fara vestur í Stykkishólm. Falaði hann Blakk til ferðarinnar, en þótt Jóni væri slíkt þvert um geð varð það úr að hann fékk hestinn lánaðan. Ekkert segir frá ferð Kollafjarðarnessbónda annað en það, að heim kom hann eftir ótrúlegan stuttan tíma – og, á Blakk einum. Önnur hross, sem voru með í för höfðu hellst úr lestinni. Þessi ferð hafði gengið svo nærri Blakk að Jón sá sér þann kost vænstan að fella hann eftir nokkra daga. – Þannig lauk fegursta og fyrsta ævintýri Jón Ásgeirssonar í ríki hestsins.

Um afdrif Blakks farast Ásgeiri í Gottorp orð á þessa leið:

„Faðir minn syrgði Blakk mjög og á seinni árum hans var það svo, að hann vildi sem minnst um hann tala og hörmuleg afdrif hans. Það var á mjög löngum tíma, sem mér tókst að fiska upp hjá föður mínum það, sem hér að framan er skráð. *Frá Blakk hlaut faðir minn þau fyrstu áhrif og kenndir, sem að nokkru glæddu og þróuðu reiðmannshæfileika hans og hann varð síðar landskunnur fyrir.* Leturbr. E.K. (Ásgeir Jónsson, Gottorp. Horfnir góðhestar).

Sjaldan eða aldrei hefur gæðingsefni úr Dölum farið í meiri snillingshendur en Blakkur frá Svínhóli. En hinu má þó ekki gleyma að undirstöðurnar í tamningu Blakks lagði bóndinn á Svínhóli – Hjálmtýr Magnússon.

## ÁLFATRAÐA-BLEIKUR

Taumar leika mér í mund  
minn þegar Bleikur rennur.  
Þetta veika léttir lund  
lífs meðan kveikur brennur.

Þessa vísu kvað sr. Jakob Guðmundsson, er var prestur á Kvinnabrekku og Sauðafelli árin 1869 – 1890. Vísan varð landskunn og eignuð ýmsum. Sr. Jakob gerði hana um bleikan gæðing, sem hann fékk frá Gunnlaugi Guðmunds-syni (f. 1838, d. 1918) bónda í Álfatröðum.

Sr. Jakob á Sauðafelli var hestamaður, hagrýðingur góður og stundaði lækningar eins og fleiri prestar á þeirri tíð. Hann fékkst nokkuð við uppfræðslu barna og unglinga og hafði mikil menningarleg áhrif í héraði, gaf t.d. út blaðið „Bónda“ um skeið. Þar ritar hann í 5. blað, 19. apríl 1851 merkilega grein. er ber yfirskriftina „*Fáeinar athugasemdir um stóð-hrossaval. uppeldi og meðferð á hrossum.*“ Grein þessi mun trúlega vera með því elsta. sem ritað hefur verið um þessi efni. Því í ritinu „*Lítill varningsbók*“ frá 1861 þá vitnar höfundurinn, sem var Jón Sigurðsson aðeins í tvær heimildir þar sem hann skrifar um hross, meðferð þeirra og nytsemi. Er önnur heimild Jóns blaðið Bóndinn en hin er grein eftir Ólaf Stephensen í riti Lærdómslistafélagsins frá 1788.

## HARRASTAÐA-SKJÓNI

Á Harrastöðum í Miðdölum bjó fyrir og eftir síðustu aldamót bóndinn Hildipór Hjálmtýsson, sonur Hjálmtýs á Svínhóli, er getur um í kaflanum að framan. Segja má að ekki hafi eplið fallið ýkjalangt frá eikinni þar, því Hildipór var víða kenndur fyrir hestamennsku. Bar þó einn hestur hans af öllum, einkum fyrir afburða vitsmuni.

Jón Sumarliðason hefur í óprentuðum æviminningum lýst Hildipóri á Harrastöðum og einum hesti hans. Harrastaða-Skjóna.

„Í vitund minni vaka enn margar ljúfar minningar frá þessum löngu liðnu tímum, tengdar hestunum, sem ég kynntist og eigendum þeirra.

Skjóni, rauðskjóttur vekringur með ljúfan vilja. Hestur þessi var talinn óvenju vitur og kom það oft fram í samskiptum hans við húsbóndann, Hildipór Hjálmtýsson, bónda á Harrastöðum. Hildipór var, jafnhliða búskapnum, símsjóri og póstafgreiðslumaður. Hann var góður smiður á tré og járn, vinsæll og greiðasamur, en mjög ölkær. Margar sögur eru til af honum og Skjóna, þótt fáar verði hér skráðar.

Einu sinni sem oft var Hildipór á ferð, ölvaður og svefnþurfi. Valt hann af baki, sem ekki var þó venjulegt, því Skjóni var vanur að hlaupa undir eftir því hvernig Hildipór hallaðist.

Óhapp þetta henti á alfaraleið og kom innan skamms maður þar að. Stóð þá Skjóni grafskyrr en eigandinn sofandi undir kviði hans. Var helst að sjá sem hesturinn hefði tekið þarna varðstöðu og væri þess albúinn að verja vin sinn fyrir hvers konar umferð og óþarfa afskiptasemi. – Óþarfi er að efast um sannindi þessarar sögu, því að maðurinn, sem hittir þá Hildipór og Skjóna var grandvar í öllum málflutningi og laus við ýkjur.

Margar sögur sagði Hildipór sjálfur af samskiptum þeirra Skjóna, meðal annars að hesturinn, sem var stór og þrekinn, hefði margoft lagst á hnén til að auðvelda reikulum vini sínum að komast á bak.

Hildipór reykti mikið pípu, jafnt á hestbaki sem endranær og vildi eldurinn oft kulna í henni þegar hann var á ferðalagi og spjallaði við ferðamennina, sem með honum voru.

Eitt sinn sem oft var vorum við saman á ferð í stríðum stormi. Skjóni var þá orðinn gamall en vel ferðafær. Þegar Hildipór bjóst til að kveikja í pípu sinni hafði ég orð á því, að það væri ekki hægt í þvílíku stórviðri. „Ojú,“ svaraði

hann, „það get ég, Guð á ekki það rok til í eigu sinni, að ég geti ekki kveikt í pípunni.“ Sú varð líka raunin á. Hann kveikti í pípunni og eyddi ekki nema einni eldspýtu, en hann naut líka aðstoðar Skjóna. Hildipór gaf slakan tauminn, færðist í kufung, dró jakkann og kápuhornið upp, fór með hendina þar innundir og kveikti í pípunni þar sem hann hélt henni í lófa sér. Um leið og Skjóni varð þessara tilburða var, hægði hann ferðina og virtist fylgjast með hverri hreyfingu mannsins, sem á baki hans sat og haga háttum sínum þar eftir. Segi menn svo að skepnurnar séu skynlausar. En sjálf-sagt eru þær misvitrar eins og mennirnir. Og ég hygg að það sé eins um hestinn og mannskepnuna, að aðbúð og uppeldi hafi áhrif á skapgerð hans og ráði miklu um þau viðbrögð, sem hann sýnir í þjónustu mannsins.

Skjóni naut góðrar aðhlyningar. Hann var vel hirtur og honum gefið gott fóður. Hvert haust var hann snemma tekinn á hús og aldrei látinn deila kjörum með gaddhestum. Hann var líka mikið notaður, því oft þurfti eigandinn að bregða sér milli bæja.

Hildipór var meðalmaður á hæð, grannur og líkamaléttur, varð því Skjóna aldrei um megn að fara með hann hverja þá ferð, sem hann var til kvaddur. – Mér hefur orðið svona tíðrætt um Hildipór og Skjóna vegna þess, að um þá mynduðust sögur, sem ótvírætt sýna hið nána samband þeirra og sérkennilega vitsmuni hestsins.“ Og lýkur hér frásögn Jóns.

Ég hefi það eftir öldruðum Miðdælingum að alltaf hafi sami engjabletturinn verið heyjaður fyrir Skjóna, sumar eftir sumar. Var bletturinn niður við Miðá og jafnan nefndur Skjónablettur.

## HESTAR OG HESTAMENN Í SUÐURDÖLUM.

Jón Sumarliðason, hreppstjóri á Breiðabólstað, annar aðalstofnandi Glaðs hefur m.a. skrifað eftirfarandi um hesta og hestamenn í Suðurdölum:

„*Korgur* Jóns Einarssonar í Neðri-Hundadal, var ungur steingrár að lit, en varð hvítur með aldrinum. Hann var vart meira en 50 þuml. á hæð, mikill fjórhestur með svo mjúkt brokk, að fágætt var kallað. Hann var eldsnöggur á spretti.

*Hörður* Jóns Klemenssonar í Neðri-Hundadal var rauður að lit. Hann bar sig hátt og hafði nægan vilja, mjög hastur á brokki en með hýruspor, ef hægt var farið.

*Jarpskjóni* ofsafjórhestur með þýðu brokki. Eigandi hans var móðurbróður minn, Klemens Baldvinsson í Fremri-Hundadal. Ég þorði ekki að koma á bak þessum hesti sökum þess hve hann var fjörmikill og stífur.

*Gráblesi* móðurbróður míns Baldvins Baldvinssonar á Hamraendum var gammvakur skeiðhestur með ljúfan vilja. Hann varð hvítur með árunum.

*Smyrill*, oftast kallaður Skógs-Rauður var asaviljugur skeiðhestur og svo ferðmikill að til hans var vitnað, ekki einungis í heimahéraði, heldur víða þar sem til hans spurðist. – Ólafur Jóhannesson, bóndi í Stóra-Skógi hefur vafalaust verið góður tamningamaður, dregur það á engan hátt úr eðliskostum hestsins, þó eigandi hans hafi verið þess umkominn að veita honum gott uppeldi.

*Bleikur* var ættaður frá Lækjarskógi í Laxárdal. Hann var bráðsnjall vekringur, stór og þreklegur með glaðan vilja. Eigandi Bleiks var Ólafur Finnsson hreppstjóri á Fellsenda í Miðdölum.

*Lýsingur*, leirljós. Eigandi hans var einnig Ólafur á Fellsenda. Lýsingur, eins og Bleikur var ættaður frá Lækjarskógi. Hann var viljagóður vekringur, þrekinn og mjög fallega byggður.

Hann var ekki vanaður en notaður sem kynbótahestur í sínu heimahéraði nokkur ár. Síðar var hann seldur Höskuldi



Eyjólfssyni á Hofsstöðum í Hálsasveit, landskunnnum hestamanni. Mun hestakyn það, sem Höskuldur á nú, eiga ætt að reka til Lýsings, og svo mun einnig um fleiri gæðinga í Borgarfirði. – Marga fleiri góðhesta átti Ólafur á Fellsenda, er ég vel man, bæði barn og fullorðinn maður því við vorum langtímum samtíðar- og samstarfsmenn í sveitar- og sýslumálum. Ólafur var hestaunnandi mikill. Hann var laginn reiðmaður og tamdi hesta sína mest sjálfur. Góðhesta notaði hann sér til hvíldar og hressingar fram á elliár.

Auðvitað komu margir fleiri með gæðinga sína að Breiðabólstað á uppvaxtarárum mínum en þeir, sem hér hafa verið taldir, því að svo mátti heita að hver búandi maður ætti reiðhest. Þá var ekkert annað farartæki til ferðalaga en hesturinn. Væri hann ekki tiltækur urðu afdalamenn að fara ferða sinna fótgangandi. Allir þeir bændur, sem ég til þekkti fóru vel með reiðhestana sína, létu sér annt um þá og bundu við þá vináttu. Hér lýkur hinni nærfærnislegu lýsingu Jóns hreppstjóra á nokkrum gæðingum sveitunga hans frá unglings og uppvaxtarárum á Breiðabólstað. Hafa þeir orðið honum margir hverjir ærið minnistæðir eins og frásögn hans ber með sér. – Hann skrifar mikið um hross Elísabetar móður sinnar, sem um skeið bjó ekkja á Breiðabólstað og einnig þar á eftir um sína eigin hesta, en Jón átti marga trausta góðhesta. Hér er ekki rúm til að birta það allt en í lok frásagnar um hrossin á Breiðabólstað segir Jón:

„Eins og ég fyrr gat um, sóttist ég eftir hvítum hestum og hafði stundum hestakaup, gæti ég fengið hvítan hest fyrir dökkkan. Átti ég um margra ára skeið 12 – 14 hesta hvíta.

Ég minnst þess að einu sinni var ég á heimleið með heylest – 12 hesta undir böggum. Mætti ég þá Jóni Ólafssyni alþingismanni og bankastjóra, vék hann út af götunni meðan lestin fór framhjá.

Hann kom svo gangandi til mín, heilsaði mér og sagði: „Ég hélt mig vera að dreyma þegar ég sá þessa sýn. Ellefu hvíta hesta undir böggum og tvo til meðreiðar, og svo þetta

ilmandi fjallgresi, vel bundið og upp á búíð.“ – Ég sagði honum að ég legði áherslu á að allir mínir hestar væru hvítir. „Þú ert þó með einn rauðan?“ Já, en það er nú sérstakt með þann hest, þótt rauður sé. Kostir hans, umfram það, sem almennt gerist, eru svo margir og ég tími ekki að farga honum. T. d. er hann mjög greiðstígur og fer alltaf fremstur í rekstri, en það er mikils virði, ef maður er með áburðarlest í misjöfnu veðri að hafa til forystu hraðgengan hest og heimfúsan, sem óhætt er að treysta.

Rauður var aldrei notaður til reiðar sökum þess, hve illgengur hann var á brokki.

Þegar móðir mín árið 1905 hóf íbúðarhússbygginguna var allur trjáviður fluttur á hestum frá svonefndum Skiphól, sunnan Hvammsfjarðar og þangað var hann fluttur á sjó utan frá Stykkishólmi. Þar var hann keyptur hjá verslun Sæmundar Halldórssonar, en þess getur Óskar Clausen í endurminningum sínum. – Viðurinn var bundinn í drögur og venjulega fluttur á 12 hestum, stundum fleiri, ef lánshestar voru með. Þrír eða fjórir menn voru til að útbúa klyfjarnar og fylgja lestinni, var uppábúnaði hestanna flýtt eftir því sem kostur var, því alltaf varð að sæta sjávarföllum fyrir Snóksdalspolla og kostað kapps um að komast á sömu fjöru fram og til baka, því að öðrum kosti var um miklu lengri leið að fara, ellegar bíða yfir flóðið. Engum hesti var sleppt lausum fyrr en klyfjar voru komnar til klakks á þeim öllum, og venjulega var Rauður með þeim síðustu, sem látið var upp á. Þar sem gatan inn yfir Vestliðaeyrina var rúm og mjög greið, leið ekki á löngu áður en hann var orðinn fremstur og leiddi eftir það lestina alla leið heim. Bærinn Gröf er sem næst þrem km neðar í Sökkólfsdal en Breiðabólstaður, og tók fólkið í Gröf eftir því, að þegar Rauður stíkaði þar framhjá, mátti búast við aðallestinni að hálf-tíma liðnum. Aldrei minnst ég þess að ofan færu drögur af Rauð, þó hann væri svo langt á undan og enginn til að líta eftir. Honum virtist falla mikið betur að draga en bera allan þungan á baki sér. – Rauður var einn þeirra hesta, er ég fékk

úr búi móður minnar þegar hún hætti búskap. Ég þekkti hann því vel og vildi ekki missa hann sem forystuhest í flutningaferðum heimilisins.“

Í eftirfarandi kafla ræðir Jón Sumarliðason um hið svonefnda *Skógskotskyn* og tæplega er þess fróðleiks að vænta frá nokkrum núlifandi manni.

„Ólafur í Skógskoti í Miðdölum, föðurbróðir minn, átti jarpsokkótta hryssu, er *Skotta* var kölluð. Hún var fjórhross mikið, klárgeng en brokkið fínt. Frá þessari hryssu er komið hið svonefnda *Skógskotskyn*. Kristján Jóhannesson, sem lengi var heimilismaður í Skógskoti eignaðist bleikskjótta hryssu undan Skottu. Var hún í flestu lík móður sinni. bæði með vilja og gang. – Þessar tvær hryssur urðu formæður margra gæðinga í Dölum og víðar. Skal hér nokkurra getið.

*Höttur*, brúnhöttóttur brokkhestur með æstan, tillitslittinn vilja.

*Brúnka*, með henni kom skeiðið í ættina og ekki spillti það kostum hennar né útbreiðslumöguleikum.

*Jarpskjóni*, reiðhestur Finnboga bónda á Sauðafelli var af *Skógskotskyni*, bráðviljugur hestur og flugvakur.

*Kolbakur* Jóns Jónssonar í Hundadal var alþekktur gæðingur og mikið af honum látið. – Báðir síðasttaldir hestar lentu síðast í eigu Þórarins Egilssonar í Hafnarfirði, en hann var á sinni tíð mikill hestamaður.

*Bursti*, ljúflingshestur með ágætan vilja og mikið gangrými. Eftir því sem ég best man keypti Baldvin bróðir minn hann af Kristjáni í Skógskoti, þá óvanaðan. Var hann svo um skeið hafður til kynbóta, en síðan seldur Guðmundi P. Ásmundssyni á Krossi í Haukadal, sem aldrei lét klárinn falan, hvað sem í boði var og felldi hann að síðustu heima.

Margir fleiri hestar af *Skógskotskyni* hafa látið að sér kveða í Miðdölum.

*Sokki* Ólafs Finnbogasonar á Sauðafelli, jarpsokkóttur, mikill fjórhestur með brokk og tölt.

*Kuldi* Gríms Jónssonar í Hundadal, brúnn gæðingur með góðan vilja og allan gang.

*Brúnn* Benedikts Sveinssonar á Hamraendum var mikill gæðingshestur og viljugur, jafnfær á öllum gangi, taumléttur og lundþýður.

Kristján í Skógskoti hélt mikið upp á þessa hrossaætt og lagði rækt við hana fram á elliár, enda brást hún aldrei hvað snerti vilja og ganggæði.

Hestaunnendur í öðrum héruðum litu margir hýru auga til ungra hrossa, sem upp ólust í Dölum og áttu ætt sína þangað að rekja. Þaðan eru því komnir margir landskunnir gæðingar.

*Gletta* Sigurðar Ólafssonar var frá Dönustöðum í Laxárdal. Hún var landsfrægt skeiðhross og mun enginn hestur enn þá hafa hnekkt meti hennar á skeiðspretti. (Vantar árið, sem þetta er ritað. Innskot E.K.) Undan Glettu hefur Sigurður eignast mikla og ganglæga hlaupahesta, sem unnið hafa til verðlauna á nálega hverju hestamóti.

*Gnýfari* Þorgeirs í Gufunesi er líka úr Dölum. Hann er áttaður frá Kirkjuskógi í Miðdölum og var einn fljótasti stökkhestur landsins um margra ára skeið.

Í Bæ og í Skörðum voru mörg fótlipur viljahross, en ekki er mér kunnugt, hvort þau áttu ætt að rekja til mæðgnanna í Skógskoti, Skottu og Bleikskjönu.“ Hér lýkur frásögn Jóns Sumarliðasonar.

## SETIÐ HJÁ SAUÐAFELLSBRÆÐRUM OG ÓSKARI BJARTMARZ

Óskar Bjartmarz, fyrrum forstjóri Löggildingarstofu voga- og mælitækja býr nú á heimili aldraðra í Seljahlíð í Reykjavík. Hann verður 97 ára á þessu ári, 1988, en ber þennan háa aldur mjög vel. Kona hans var Guðrún, dóttir Bjarnar sýslumanns Bjarnarsonar á Sauðafelli. – Árum saman ferðaðist hann umhverfis landið á hestum, en það tilheyrði starfi hans. Óskar ólst upp í Dölum og getur enn þá

rifjað sitthvað upp um menn og málefni – beggja megin síðustu aldamóta. Hann segir nú frá.

„Ég man vel eftir vígslu brúarinnar yfir Norðurá í Borgarfirði.“ (Í júnímánudi 1911. sbr. „Öldin okkar“ það ár).

Við Dalamenn fjölmenntum mjög, já, það fór fólk í stórhöpum suður um Bröttubrekku og þar voru margir glæsilegir gæðingar í för.

Það var vitað, að auk ræðuhalda, myndi verða glímukeppni og kappreiðar. Ég mun hafa verið í hópi Miðdælinga, en þeir áttu á þessum árum marga snjalla góðhesta. – Finnbogi á Sauðafelli var mættur með hestinn Hrapp. Við upphaf kappreiðanna komu Borgfirðingar að máli við Finnboğa og báðu hann að vera með í skeiðkeppninni. Finnbogi lét lítið yfir sér (var þó dálítið hýr af víni) og sagðist ekki vita hvort hann ætti nokkurt erindi með Hrapp í þann gæðingahóp, sem á staðnum væri. Það þarf vart að taka það fram, að þarna voru mættir allir helstu sveitarhöfðingjar Borgarfjarðarsýsla og margir þeirra með úrvalshesta. Jú, Finnbogi kvæð best að lofa Hrapp að hlaupa með í skeiðkeppninni. Höfst nú keppnin. Finnbogi og tveir aðrir reyndu saman. Fyrst tók borgfirskur hestur forystuna, en Finnbogi og annar Borgfirðingur spöl á eftir. Allt í einu geysist Finnbogi á Hrapp framúr báðum keppinautunum. Þegar vel er hálfnaður völlurinn, gerðist nokkuð, sem ég hefi aldrei síðar orðið vitni að á kappreiðum – við horfðum á það að Finnbogi sneri sér við til háls í hnakknum, til að sjá til þeirra, sem á eftir voru, en hestur hans hélt þrátt fyrir þetta fullri ferð og truflaðist ekki hið minnsta á skeiðinu. Hann var langfyrstur að marki, enda var hann afburða skeiðhestur. – Eitthvað komu þessi úrslit Borgfirðingum á óvart, þeim þótti víst verr en miður.

Kappreiðarnar við Norðurá voru lengi í minnum hafðar, ekki síst þau feikna tilþrif, sem Hrappur sýndi þarna á skeiðspretti sínum. – Parna var sagt að hefðu verið um 1500 manns þegar flest var og urðu því mörg vitni að þessum og öðrum úrslitum á samkomu þessari. – En svo undarlega



Yngvi Finnbogason frá Sauðafelli, einn af stofnfélögum Glæðs.



Ólafur Finnbogason frá Sauðafelli, einn af stofnfélögum Glæðs.

bregður við, að í fréttafrásögnum frá þessu móti er úrslitanna í skeiðkeppninni að engu getið. Hins vegar er getið úrslitanna í stökki, en þar vann til fyrstu verðlauna rauðskjóttur hestur í eigu Davíðs Þorsteinssonar á Arnbjargarlæk. – Engum getum skal hér leitt að því, hverjir stóðu að fréttafrásögnum af þessari samkomu, hvort það voru Borgfirðingar eða aðrir aðilar, en skemmtilegra hefði verið að hafa úrslit skeiðkeppninnar með, ekki síst fyrir þá sök að líkindi eru til að þarna hafi Dalamaður í fyrsta sinni hlotið fyrstu verðlaun í skeiðkeppni. Þó skal ekkert fullrytt um slíkt. Dalamenn voru harla glaðir, þeir ráku einhvernveginn ósjálfrátt upp heróp, já, þeir máttu það. – Mig minnir að verðlaunin væru 15 krónur, sem Finnbogi tók á móti.“

Hér lýkur frásögn hins aldna höfðingja, Óskars Bjartmarz. Hann hafði eins og rést í baki og glampa sló á augu meðan á frásögn þessari stóð.



Guðlaugur Magnússon frá Kolsstöðum, stofnfélagi Glæðs.



Finnbogí Finnsson, Sauðafelli situr á *Hrapp* sínum. Myndin tekin um 1911.

Ljósmyndari óþekktur.

Þeir Sauðafellsbræður, Yngvi og Ólafur Finnbogasonir sögðu með sama hætti frá kappreiðunum við Norðurá eins og Óskar Bjartmarz. Finnbogí á Sauðafelli, faðir þeirra bræðra, (f. 1867, d. 1953) var um hálftrar aldar skeið einn traustasti bóndi í Miðdölum, síðast á Sauðafelli, árin 1918 – 1936.

Þeir Sauðafellsfedgar áttu hvern gæðinginn eftir annan, höfðu oft þetta 7 – 8 hesta á húsi að vetrinum og tömdu yfirleitt allt sjálfir. Er vafasamt að á nokkrum öðrum bæ í Dölum hafi verið betra val góðhesta á tímabili. – Oft var líka gripið til hesta þar ef fylgd eða flutning vantaði yfir Bröttubrekku, eða sækja þurfti lækni.

Yngvi Finnbogason sagði svo frá fódri hestanna, að bestu hestarnir hefðu fengið mjólk eða áfir með fíngerðu heyi, stundum töðu. Taldi hann mjólk fara afar vel í hesta.

Skeiðhesturinn Hrappur var fæddur úti í Hrappsey. Fékk